

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
Erlingur Jensson
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. júlí 2021
UST202105-325/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Dyrhólaeyjarvegur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 28. maí 2021, um leyfi vegna breytinga á Dyrhólavegi og lagningu bundins slitlags upp á Háey innan friðlandsins Dyrhólaeyjar.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á þeim hluta Dyrhólaeyjavegar sem ekki er lagður bundnu slitlagi. Lögð verður klæðning á núverandi veg sem er 1,3 km langur og 6 m breiður með engum öxlum. Vegurinn heldur núverandi lögun. Hönnunarhraði er 30 km/klst. Nýtt svæði undir vegstæði er um 0,71 ha og á eingöngu við um skeringar og vegfláa. Í brekkur verða gerðar vegrásir til að koma í veg fyrir uppsöfnun vatns og væntanlega verða sett nokkur lítil ræsi í veginn á framkvæmdatímanum en þau er ekki búíð að staðsetja nákvæmlega. Engin efnistaka verður innan friðlandsins.

Stefnt er að því að bjóða framkvæmdirnar út í júní og að framkvæmdir fari fram í júlí og ágúst.

Umsagnir:

Þann 13. apríl 2021 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum. Í svari Umhverfisstofnunar dags. 20. apríl 2021 kemur fram að Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd hefði umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrifamat:

Framkvæmdin hefur í för með sér bein áhrif á náttúrufar svæðisins þar sem óraskað svæði friðlandsins fer undir framkvæmdasvæði nýja vegarins. Búsvæði ýmissa fugla er að finna á eyinni en framkvæmdin hefst eftir varptíma fugla og ólíklegt að vegaf framkvæmdir hafi teljandi áhrif á varp. Framkvæmdin hefur í för með sér einhverja ásýndar breytingu sem gæti komið niður á náttúruupplifun gesta en ekki er talið að landslagsheild svæðisins muni bera skaða af. Gæta þarf þess mjög vel að ágengar tegundir plægist ekki í jarðvegin við framkvæmdir.

För ferðamanna upp á Háey verður bætt, minna verður um rykmyndun í vegstæðinu og minna viðhalds er þörf á veginum eftir framkvæmd. Búast má við truflunum á vegasamgöngum upp

á Háey meðan á framkvæmdum stendur og mögulega þyrfti að loka veginum upp á Háey í stutta stund.

Gert er ráð fyrir framkvæmdinni í lokatillögum að stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins. Samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir aukinni umferð upp á Háey. Umferðinni verður stýrt með framboði bílastæða, upplýsingaskiltum og þungatakmörkunum um veginn.

Vegagerðinni er bent á að í áætluninni kemur fram að þétt við veginn upp á Háey er tjörn með auðugu fuglalífi og er lagt til að samhliða vegbótum verði útskot við tjörnina fjarlæggt og bílum gert erfiðara fyrir að stöðva við hana til að koma í veg fyrir truflun á fuglalífinu.

Í heildina lítið er ekki talið að umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Framkvæmdin sem sótt er um mun minnka bratta á vegstæðinu og krappa í beygjum, á vissum stöðum verða sett vegrið sem hindra að bílar keyri eða velti útaf. Framangreind atriði stuðla að öryggi og bættu aðgengi gesta friðlandsins og því getur Umhverfisstofnun fyrir sitt leyti veitt leyfi til framkvæmda.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyfi fyrir ofangreindum framkvæmdum innan friðlandsins Dyrhólaeyjar sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Nota skal staðargróður við uppgræðslu á sárum í gróðurþekjunni eftir framkvæmdina.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Óheimilt er að valda óþarfa truflun á dýralífi svæðisins.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Upplýsa skal gesti svæðisins um framkvæmdirnar og lokanir sem þeim fylgja.

Umhverfisstofnun mælist til þess að útskot á veginum nálægt tjörn með auðugu fuglalífi verði fjarlæggt, sbr. umfjöllun í kafla um áhrifamat.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna. Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur